



Fundargerð

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma.

37. fundur, föstudaginn 18. febrúar 2011, kl. 10:00-14:00 í Orkugarði, Reykjavík

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, Agnar Olsen, Anna G. Sverrisdóttir, Björg Eva Erlendsdóttir, Elín R. Líndal, Friðrik Dagur Arnarson, Guðni A. Jóhannesson, Kjartan Ólafsson, Kristinn Einarsson (OS), Kristín Huld Sigurðardóttir, Stefán Arnórsson, Sveinbjörn Björnsson (ráðgjafi), Unnur Brá Konráðsdóttir og Þóra Ellen Þórhallsdóttir. Kristinn Einarsson ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Helga Barðadóttir (iðnaðarráðuneytinu), Kristín Linda Árnadóttir og Steinunn Fjóra Sigurðardóttir (umhverfisráðuneytinu).

Lagt fram á fundi: Fundargerðir 32. til 35. fundar verkefnisstjórnar.

Fundarfrásögn

Svanfríður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Fundargerðir 32. til 35. fundar verkefnisstjórnar

Kristinn skýrði frá því að sökum anna við önnur störf framundan yrðu fundargerðir frá hans hendi framvegis að vera í formi „ákvörðunarfundargerða“. Einnig væri hér í og með tekið tillit til þess að umræður og niðurstöður verkefnisstjórnar á næstunni myndu væntanlega fara beint inn í lokaskýrslu hennar, og þá væri millilending í fundargerð tvíverknaður.

Fram kom að athugasemdir við fundargerðir 32. til 35. fundar hefðu borist fundarritara og verið innfærðar jafnóðum. Þóra Ellen kvaðst eiga eftir að gera nokkrar athugasemdir við það sem eftir henni væri haft. **Fundargerðir 32. til 35. fundar með áorðnum breytingum í kjölfar athugasemda voru samþykktar** að teknu tilliti til væntanlegra athugasemda Þóru Ellenar.

2. Skil á niðurstöðum faghópa

Fram kom að fyrir skil faghóps I þarf að efna til fundar með fulltrúum Landsvirkjunar vegna gagna um Norðlingaöldu, endanleg röðun gæti farið fram eftir það. Fram komu óskir um að niðurstöður faghóps I eftir röðun lægju fyrir 3. mars nk.

3. Aðferðafræði við lokamat

Málið var rætt á grundvelli tillagna frá Kjartani og var góður samhljómur hjá fundarmönnum og stuðningur við framsetningu hans. Niðurstöður faghópa I og II verða lagðar til grundvallar í röðun verkefnisstjórnar, síðan verður skoðað hvernig samfélagsáhrif og hagkvæmni koma inn. Niðurstöður um vatnsafl og jarðhita þarf að vera hægt að gaumgæfa aðgreindar.

4. Frágangur á umsögnum vegna kynningarferlis

Formenn faghópa ganga frá sínum texta hver fyrir sig og senda hann á rafrænu formi til Svanfríðar, Sveinbjörns og Kristins þegar hann er tilbúinn.

5. Fundir framundan

Farið var yfir áætlun um fundahöld á næstunni, en hún byggist á því að koma niðurstöðum verkefnisstjórnar til Alþingis í tæka tíð fyrir lok vorþings. Fyrirhugaðir eru fundir 25. febrúar kl.13-16, 3. mars kl.17-20, 11. mars kl.14-17, 12. mars kl.10-17, 18. mars kl.14-17 og 24. mars kl.14-17.

6. Önnur mál

Fram kom að skýrsla sjálfbærnihópsins hefði ekki enn verið gefin út opinberlega þar sem ekki höfðu verið leitt til lykta formsatriði varðandi útgefanda og ytri umbúnað hennar. Í framhaldi af þessum upplýsingum voru settar fram óskir um að **beðið yrði með útgáfuna** til að gefa færi á að **halda áður fund** með formanni sjálfbærnihópsins og Brynhildi Davíðsdóttur auðlindasérfræðingi hjá HÍ, og fara nánar yfir notkun sjálfbærnihugtaksins hjá hópnum. Jafnframt var spurt, hvort núverandi titill skýrslunnar væri fyllilega lýsandi fyrir innihaldið. Upplýst var í framhaldi af þessum óskum að Brynhildur væri erlendis sem stendur, en hægt yrði að koma á fundi með henni um skýrsluna **eftir miðjan mars**.

Kristinn Einarsson